

23. maí 2018

# TAFIR SEM KOSTA

## KOSTNAÐARSAMAR TAFIR UMFRAM LÖGBUNDNA FRESTI HJÁ ÚRSKURÐARNEFND UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

Um áramót höfðu 22% þeirra mála sem biðu afgreiðslu beðið í meira en 18 mánuði en nefndin skal samkvæmt lögum kveða upp úrskurði eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málgögn berast frá stjórnvaldi en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið.

- Ein af forsendum þess að lækka byggingarkostnað og vinna á vandanum á íbúðamarkaði er að eftirlit sé skilvirkt, leikreglur séu skýrar og úrlausn ágreiningsmála hröð. Ekki síst nú þegar útlit er fyrir að byggja þurfi 45 þúsund íbúðir á landinu öllu til ársins 2040. Finna þarf hagkvæmar leiðir til að takast á við þetta risavaxna verkefni og skila þarf íbúðum fljótt og hagkvæmt inn á markaðinn.
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er sú nefnd innan stjórnvísunnar sem hefur forræði á ágreiningsmálum innan byggingariðnaðarins. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tók til starfa áramótin 2011/2012 og tók við störfum tveggja nefnda; úrskurðarnefndar hollustuhátta- og mengunarvarnarmála og úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Flest kærsmål tengjast skipulags- og byggingarmálum en starf nefndarinnar spannar vítt svið, allt frá því að fjalla um leyfi til hundahalds yfir í byggingu mannvirkja eða breytingu deiliskipulags.
- Nefndin skal samkvæmt lögum kveða upp úrskurði eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málgögn berast frá stjórnvaldi en innan sex mánaða frá sama tímamarki sé mál viðamikið. Málsmeðferðartíminn hefur þó farið yfir 2 ár og er að meðaltali um 1 ár. Nefndin afgreiddi á árinu 2017 50% innkominna mála utan lögbundins afgreiðslufrests. Afgreiðslutími úrskurðarnefndar hefur á síðustu árum lengst umtalsvert, árið 2012 var meðalafgreiðslutími 3,5 mánuðir, árin 2016 og 2017 var um að ræða 9 mánuði og á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 eru um að ræða 14 mánuði.

## AFGREIÐSLUTÍMI ÚRSKURÐARNEFNDAR – LÖGBUNDIÐ 6 MÁNUÐIR

2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2016	2017	2018 Q1
3,5 mánuðir	9 mánuðir	11,5 mánuðir	9 mánuðir	9 mánuðir	14 mánuðir

- Það má því segja að þetta úrræði, sem gerir framkvæmdaraðilum kleift að leita réttar síns gagnvart afgreiðslu í skipulags- og byggingarmálum sé óskilvirk og mjög kostnaðarsamt.
- Eftirlitsstofnun EFTA hefur gagnrýnt stjórnvöld vegna þessa (álit frá 4. maí 2016) og krafist úrbóta. Birti ESA álit sitt um það efni 4. maí 2016. Umboðsmaður Alþingis hefur einnig óskað eftir skýringum. Það hefur ekki dugað til. Eftirlitsstofnun EFTA óskaði eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu um langan málsmeðferðartíma (e. Significant delays) enda vegið að réttaröryggi. Ráðuneytinu tókst þá að sannfæra eftirlitsstofnunina um að það stæði allt til bóta. Frá því að ESA gerði athugasemdir við málsmeðferð nefndarinnar hefur vissulega verið veitt meira fjármagni til nefndarinnar. Á móti hefur fjöldi mála aukist og málsmeðferðartíminn ekki styst. Um áramót höfðu 22% þeirra mála sem biðu afgreiðslu beðið í meira en 18 mánuði. Nú tveimur árum eftir að álit EFTA var birt er ekkert lát á töfunum og þær hafa fremur aukist ef eitthvað er.
- Þegar litið er til afkastagetu nefndarinnar kemur margt áhugavert í ljós. Ekki er nóg með að nefndin anni engan veginn málaflöðanum heldur hafa úrskurðir margfaldast á 15 árum. Mikil fjölgun hefur orðið í kröfum um stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa. Voru slíkar kröfur um 15% inn kominna mála 2012-2013 en hafa verið um 30-40% undanfarin ár. Viðamiklum málum hefur auk þess fjölgað.
- Nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um breytingu á m.a. lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem er til þess fallið að auka verulega álagið á nefndina. Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á 1. mgr. 11. gr. tilskipunar nr. 2011/92/ESB sem kveður m.a. á um sérstaka kærheimild vegna athafna og athafnaleysis í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu munu fyrirsjáanlega auka álag á nefndina sem mun óumflýjanlega valda auknum töfum á afgreiðslu mála.
- Í ljósi þess að málum hefur fjölgað og afgreiðslutími lengst má velta því fyrir sér hvort nefndin sé í stakk búin til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

<sup>1</sup> 2012-2014 er úr bréfi Umboðsmanns Alþingis til nefndarinnar.

